## VEITINGASTAÐIR

**A. Hansen** Vesturgötu 4, Hf., s. 565 1693. Opið 11.30–22.30 alla daga.
**Amigos Tryggvagötu 8,** s. 551 1333. Op. 17.30–22.30 v.d. og sd., 17.30–23.30 fd. og ld.
**Argentína** Barónsstíg 11a, s. 551 9555. Opið 18–23.30 v.d., 18–3 um helgar.
**Asía** Laugavegi 10, s. 562 6210. Opið 11.30– 22.30 v.d., 12–22.30 sd., 11.30–23.30 fd. og ld.
**Askur** Suðurlandsbr. 4, s. 553 8550. Op. 11–22 sd.–fid., 11–23.30 fd. og ld.
**Austur Indía fjelagið** Hverfisgötu 56, s. 552 1630. Opið a.d. frá kl. 18.
**Á næstu grösum** Laugavegi 20, s. 552 8410. Opið 11.30–14 og 18–22 v.d., 18–22 sd. og lokað ld.
**Banthai** Laugavegi 130, s. 552 2444. Op. 18–22 md.– fid. og 18–23 föd.–sd.
**Carpe Diem** Rauðarárstíg 18, s. 562 3350. Opið 11–23 alla daga.
**Caruso** Þingholtsstræti 1, s. 562 7335. Opið sd.–fid. 11.30–23.30. Fd. og ld. 12.–2.
**Grænn kostur** Skólavörðustíg 8b, s. 552 2028. Opið md.–ld. frá 11.30–21 og sd. frá 16–21.
**Hard Rock Café** Kringlunni, s. 568 9888. Opið 11.45–23.30 md.–ld., 12–23.30 sd.
**Hornið** Hafnarstræti 15, s. 551 3340. Opið 11–23.30 alla daga.
**Hótel Borg** Pósthússtræti 11, s. 551 1440. Opið 8–23.30 alla daga.
**Hótel Esja** Suðurlandsbraut 2, s. 568 9509. Opið 11–22 alla daga.
**Hótel Holt** Bergstaðastræti 37, s. 552 5700. Opið 12–14.30 og 19–22.30 v.d., 12–14.30 og 18–22 fd. og ld.
**Hótel Loftleiðir** Reykjavíkurflugvelli, s. 552 2322. Opið í Lóninu 5–23, í Blómasal 18.30–22.
**Hótel Óðinsvé** v/Óðinstorg, s. 552 5224. Opið 12–15 og 18–23 v.d., 12–15 og 18–23.30 fd. og ld.
**Hótel Saga** Grillið, s. 552 5033, Súlnasalur, s. 552 0221. Skrúður, s. 552 9900. Grillið opið 19–22.30 a.d., Súlnasalur 19–3 ld., Skrúður 12–14 og 18–22 a.d..
**Humarhúsið** Amtmannsstíg 1, s. 561 3303. Opið 10–23.30 v.d., 10–1 ld. og sd.
**Indókína** Laugavegi 19, s. 552 2399. Opið 11.30–22.30 alla daga, ld. frá 11.30–23.30.
**Ítalía** Laugavegi 11, s. 552 4630. Opið 11.30– 23.30 alla daga.
**Jónatan Livingston Mávur** Tryggvagötu 4–6, s. 551 5520. Opið 17.30–23 v.d., 17.30–23.30 fd. og ld.
**Kínahofið** Nýbýlavegi 20, s. 554 5022. Opið 17–21.45 v.d., 17–22.45 fd., ld. og sd.
**Kína-húsið** Lækjargötu 8, s. 551 1014. Opið 11.30–14 og 17.30–22 v.d., 17.30–23 fd., 15–23 ld., 17–22 sd.
**Kínamúrinn** Laugavegi 126, s. 562 2258. Opið fd., ld., 11.30–23.30, sd.–fid. 11.30–22.30.
**Kofi Tómasar frænda** Laugavegi 2, s. 551 1855. Opið 10–01 sd.–fid. og 11–03 fd. og ld.
**Kringlukráin** Kringlunni 4, s. 568 0878. Opið 12–1 v.d., 12–3 fd. og ld.
**Lauga-ás** Laugarásvegi 1, s. 553 1620. Opið 11–22 og 11–21 um helgar.
**Lækjarbrekka** Bankastræti 2, s. 551 4430. Opið md.–mid. 11–23.30, fid.–sd. 11–0.30.
**Madonna** Rauðarárstíg 27–29, s. 562 1988. Opið 11.30–23.30 a.d.
**Marhaba** Rauðrárstíg 37, s. 562 6766. Opið a.d. nema md. 17.30–23.30.
**Naustið** Vesturgötu 6–8, s. 551 7759. Opið 12–14 og 18–01 v.d., 12–14 og 18–03 fd. og ld.
**Ópera** Lækjargötu 2, s. 552 9499. Op. 18–23.30 v.d., 18–24.30 fd. og ld.
**Pasta Basta** Klapparstíg 38, s. 561 3131. Opið virka daga frá 11.30 til 1.00 og um helgar til 3.00.
**Perlan** Öskjuhlíð, s. 562 0200. Opið 18–23.30 v.d., 18–24.30 fd. og ld.
**Potturinn og pannan** Brautarholti 22, s. 551 1690. Opið a.d. 11.30–22.
**Primavera** Austurstræti, s. 588 8555. Op. 12–14.30, 18–22 v.d., 18–23 fd., 18–23.30 ld., 18–22 sd.
**Salatbarinn hjá Eika** Fákafeni 9, s. 588 0222. Opið alla daga frá kl. 11.30.–20.30. nema ld. frá 11.30.–16. Lokað á sd.
**Samurai** Ingólfsstræti 1a, s. 551 7776. Opið v.d. 18–22, fd., ld., 18–23.
**Singapore** Reykjavíkurvegi 68, s. 555 4999. Opið 18–22 þd.–fid., 18–23 fd.–sd.
**Sjanghæ** Laugavegi 28, s. 551 6513. Opið 11.30–23.30 v.d., 12–22.30 sd.
**Sjö rósir** Sigtúni 38, s. 588 3550. Opið 7–23.30 alla daga.
**Skólabrú** Skólabrú 1, s. 562 4455. Opið frá kl. 18 alla daga og í hd.
**Steikhús Harðar** Laugavegi 34, s. 551 3088. Opið 11.30–21 v.d. og sd., 11.30–23.30 fd. og ld.
**Tilveran** Linnetsstíg 1, s. 565 5250. Opið 11–23 alla daga.
**Við Tjörnina** Templarasundi 3, s. 551 8666. Opið 12–14 og 18–22.30 md.–fd., 18–23 ld. og sd.
**Viðeyjarstofa** Viðey, s. 568 1045 og 562 1934. Opið fid.– sud., kaffist. kl. 14–17. Veitingasalur kl. 18–23.30.
**Vitabar** Bergþórugötu 21, s. 551 7200. Opið 15–23.30 v.d., 12–02 a.d.
**Þrír Frakkar hjá Úlfari** Baldursgötu 14, s. 552 3939. Opið 11–14.30 og 18–23.30 ld. og sd.

### Opin sýning í Nýlistasafninu:

# Nú má hver sýna sem vill

Það er ekki á hverjum degi sem almenningi gefst kostur á að setja verk á sýningu, sérstaklega ef þeir eru ekki listamenn að atvinnu. Nú hefur þetta tækifæri gefist: Í Nýlistasafninu við Vatnsstíg stendur yfir sýning á verkum sem venjulegt fólk úr öllum áttum hefur lagt til. Einnig koma við sögu nokkrir þekktir listamenn. „Við sendum út tilkynningar þar sem við buðum hverjum þeim sem læsi þær að setja upp verk á sýningu hjá okkur meðan húsrúm leyfði,“ sagði Ragnheiður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins. „Menn höfðu síðan frjálsar hendur um uppstillingu verka sinna og sjá um frágang að sýningu lokinni.“ Að sögn Ragnheiðar gengur sýningin ljómandi vel og hafa fjölmargir þegar litið við. „Þetta er búið að vera mjög fjörugt enda er andrúmsloftið afar lýðræðislegt,“ sagði Ragnheiður. Verkin á sýningunni eru af ýmsu tagi. Mest er af málverkum, en einnig er nokkuð um skúlptúra.

Frestur til að setja upp verk á sýningunni rann út 13. júni. Ragnheiður segir nokkuð hafa verið um að fólk frétti af sýningunni of seint og því hafi færri komist að en vildu.

„Afraksturinn er engu að síður mjög góður. Alls eru um 60–70 manns með verk á sýningunni, flestir óþekktir en inn á milli eru þekktir listamenn sem áður hafa haldið sýningar.“

Að sögn Ragnheiðar er þetta vafalaust ekki í fyrsta sinn sem slík sýning er haldin á Íslandi. Nýlistasafnið hefur þó ekki áður gengist fyrir sams konar sýningu. „Þetta er mjög frábrugðið því sem tíðkast hjá okkur því að eins og er þá er tveggja ára bið eftir því að fá að setja upp sýningu í Nýlistasafninu, auk þess sem tiltekin stjórn velur verkin. Tilgangurinn er að skapa visst mótvægi og vonandi að hrista dálítið upp í þessu venjulega.“

Opna sýningin er í öllum sýningarsölum nema í setustofunni þar sem sýning stendur yfir á verkum Ásgerðar Búadóttur. Sýningarnar eru opnar alla daga nema mánudaga frá klukkan 14 til 18. Opnu sýningunni lýkur 29. júni.

**kbb**



Í Nýlistasafninu eru til sýnis verk sem venjulegt fólk úr öllum áttum hefur lagt til.



Bjarni Sigurbjörnsson opnar sýningu í Tuttugu fermetrum á morgun.

# Erting inn við beinið

Á morgun opnar Bjarni Sigurbjörnsson sýninguna Erting inn við beinið í Tuttugu fermetrum að Vesturgötu 10a, í kjallara. Þetta er sjötta einkasýning Bjarna en hann hefur áður haldið bæði einka- og samsýningar hérlendis sem og erlendis síðustu ár.

Sýndar verða nokkrar fagurfræðilegar ertingar af tilvonandi arftaka homo sapiens eins og hann þekkist nú um stundir. Þær sjónrænu ertingar sem hér um ræðir eru unnar á plexigler þar sem röntgenmyndum er blandað saman við marlerísk vinnubrögð.

Sýningin verður opnuð kl. 16 og verður opin miðvikudaga til sunnudaga frá kl. 15–18. Sýningin stendur til 29. júní.

# Stef úr náttúrunni

Í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar hefur verið opnuð sumarsýning á 27 völdum verkum eftir Sigurjón. Eru þau öll úr fórum safnsins og tengjast minni eða stefum úr náttúrunni. Heiti sýningarinnar er Gróandi og er bein skírskotun til nokkurra mynda með sama heiti. Verkin spanna rúmlega 40 ára tímabil og hafa sum þeirra ekki komið fyrir sjónir almennings í nokkra áratugi. Flest eru þau unnin í tré en einnig eru verk unnin í stein og kopar.

Til þess að gestir fái einnig að kynnast portrettlist Sigurjóns eru til sýnis þrjár þekktar portrettmyndir í brons og í safninu er aðstaða til að skoða vandað myndband um þennan þátt í lífsverki listamannsins.

Safnið er opið alla daga nema mánudaga milli kl. 14 og 17.



Sýnd eru 27 valin verk eftir Sigurjón Ólafsson auk þriggja þekktra portrettmynda.



Verkin á sýningunni eru flest unnin úr flóka.

# Textílverk í Stöðlakoti

Á morgun, laugardag, verður opnuð sýning í Stöðlakoti við Bókhlöðustíg á verkum eftir Philippe Ricart. Verkin á sýningunni eru textílverk unnin með blandaðri tækni.

Philippe Ricart fæddist 1952. Hann nam og vann við almennan vefnað á Ísafirði 1980–1984 og hefur þar að auki sótt námskeið í öðrum greinum. Hann hefur aðallega fengist við spjald- og myndvefnað en síðustu ár hefur hann einnig fengist við flókagerð. Flóki er uppistaðan í flestum verkunum á sýningunni.

Sýningin er sjöunda einkasýning Philippe. Hann hefur áður haldið sýningar á Ísafirði, Akranesi og í Bolungarvík. 1996 var hann útnefndur bæjarlistamaður Akraness.

Sýningin er opin alla daga vikunnar frá klukkan 14 til 18. Henni lýkur sunnudaginn 7. júlí. -kbb

Þú safnar punktum hjá okkur...
HANS PETERSEN Kodak EXPRESS
BIFREIÐASKOÐUN HF
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland
HAGKAUP
TOYOTA
hotel edda
ÍSLANDSBANKI